

Fyrirkomulag áheyrnarfulltrúa.

Leikskólanefnd er starfaði á kjörtímabilinu frá 2014 -2018 gerði breytingar á setu áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Fyrirkomulagið var þannig að áheyrnarfulltrúar sátu jafnlengi og kjörnir fulltrúar eða í fjögur ár.

Breytingarnar fela í sér að fulltrúi leikskólastjóra situr eitt ár í senn og er sá sem er varamaður hans aðalmaður næsta skólaár. Varðandi áheyrnarfulltrúa foreldra og kennara þá setja þeir í eitt ár í senn og er varamaður frá sama leikskóla og aðalmaður.

Rökin fyrir þessum breytingum voru m.a. að fá fleiri raddir af vettvangi leikskólanna inn í leikskólanefnd og fjölga tækifærum foreldra, leikskólastjórna og kennara til að taka þátt í þróun leikskólastigsins í sveitarfélaginu.